



Frá vinstri. Anna Þórisdóttir íbúi við Laugaveg sem safnaði undirskriftunum, Magnús Skúlason formaður íbúasamtaka miðborgar, Júlíus Vífill Ingvarsson formaður skipulagsráðs og Eva María Jónsdóttir fyrrv. formaður íbúasamtakanna.

Fréttatilkynning frá stjórn Íbúasamtaka miðborgar 28. nóvember 2008

Formanni skipulagsráðs færður undirskriftalisti gegn niðurrifi húsa við Laugaveg ásamt nýlegri samþykkt stjórnar Íbúasamtaka miðborgar.

Í haust var kynnt fyrirhuguð bygging Listaháskóla Íslands við Laugaveg. Það kom mörgum íbúum hverfisins á óvart hve umfangsmikið mannvirki skyldi reist á litlu svæði og að fórna skyldi fallegum gömlum húsum við Laugavegin.

Magnús Skúlason, formaður Íbúasamtaka miðborgarinnar, færði í morgun Júlíusi Vífli Ingvarssyni, formanni skipulagsráðs Reykjavíkur lista með undirskriftum þrjúhundruð og þrjátíu íbúa sem mótmæla niðurrifi húsanna við Laugaveg og byggingu þessa gríðarstóra mannvirkis. Var gengið í hús í nánasta umhverfi fyrirhugaðrar byggingar og undirskriftum safnað. Telja má að 80-90% þeirra sem höfðu gert upp hug sinn væru andvíg byggingunni.

Þá hafa fleiri en íbúar í næsta nágrenni við Laugaveg skráð sig á listann og er ljóst að andstaða við fyrirhugaða byggingu nær langt út fyrir næsta nágrenni hennar enda er um aðalgötu borgarinnar að ræða.

Þessum undirskriftum var safnað á tæplega 3ja vikna tímabili í september sl. Þegar aðstæður breyttust skyndilega í þjóðfélaginu var undirskriftunum hætt, aðallega vegna þess að ólíklegt þótti að ráðist yrði í þessar framkvæmdir í nánustu framtíð. Ef ákveðið verður að halda áfram með byggingu skólans í óbreyttri mynd má búast við að söfnun undirskrifta verði einnig haldið áfram.

Samþykkt stjórnar Íbúasamtaka miðborgar 24. nóv. 2008 um fyrirbyggjandi tillögu að byggingu LHÍ:

Nýkjörin stjórn Íbúasamtaka miðborgar Reykjavíkur ítrekar samþykkt fyrri stjórnar frá í haust um byggingu Listaháskóla Íslands.

Áréttað er að tillaga sú er nú liggur fyrir fer langt fram úr skipulagskilmálum hvað varðar fermetrafjölda og hæðir og væri hægt að leiða getum að því dreifa þyrfti byggingarmagninu um fleiri reiti. Því er vandséð hvernig koma á byggingunni fyrir á fyrirbyggjandi lóðum.

Þá gengur hún gegn áherslum borgaryfirvalda um að „viðhalda sögulegu umhverfi og sérkennum Laugavegar sem mikilvægum þætti í að auka aðdráttarafli hans” (Keppnislýsing, kafli 2.3, Umhverfi og samhengi). Í sama kafla kemur einnig fram að „nýbyggingar í miðbænum ber að hanna af næmni og tillitssemi við umhverfið þannig að ný byggð beri ekki ofurliði þann fínlega mælikvarða sem fyrir er”.

Þá er einnig vakin athygli á bókun skipulagsráðs frá 28. júní 2006 sem er svohljóðandi: „Ráðið leggur einnig áherslu á að lóðarhafar athugi sérstaklega útlit húsa við Laugaveg 41 og 45 og skoði möguleika á að leyfa upphaflegri götumynd að halda sér. (Í samþykktu deiliskipulagi var gert ráð fyrir varðveislu nr. 43(Vínberíð).

Ekkert af þessum markmiðum virðast hafa verið haft í heiðri við hönnun ytra borðs verðlaunatillögunnar þrátt fyrir glæsilegt innra skipulag.

Því er einnig viðeigandi að benda á Menningarstefnu í mannvirkjagerð frá 2007 sem er stefna stjórnvalda í byggingarlist þar sem segir m.a.: „**Áhersla skal lögð á heildarmynd og mælikvarða þegar byggt er í og við eldri byggð. Til að tryggja heildrænt og sögulegt yfirbragð húsa, götummyndar og byggðamynsturs er nauðsynlegt að stjórnvöld fylgi skýrri stefnu þar um**”.

Stjórn íbúasamtakanna telur að ekki skuli hvikað frá varðveisla húsanna nr. 41, 43 og 45 við Laugaveg. Öll húsin eru mikilvægur hluti götummyndar Laugavegarins. Húsið nr. 43 er reisulegt steinhlaðið hús frá 1919 sem skv. gildandi skipulagi á að standa. Það kallast óneitanlega á við húsin nr. 42 og 44 hinum megin götunnar.

Það hlýtur að vera eitt af hlutverkum Listaháskóla Íslands að standa vörð um byggingararfleifðina og ganga þar á undan með góðu fordæmi. Annað væri óvirðing við minningu Harðar Ágústssonar fyrrum skólastjóra Myndlista-og handíðaskóla Íslands en hann helgaði líf sitt varðveislu byggingararfsins.

Stjórn íbúasamtakanna lýsir yfir eindreginni andstöðu við fyrirleggjandi tillögu að Listaháskóla og hvetur til að honum verði fundinn annar viðeigandi staður í miðbænum.

F.h.

Íbúasamtaka miðborgar

Magnús Skúlason formaður